

15. Ágúst 2005

Greining KB banka
greining@kbbanki.is**SKÝRSLUNA UNNU:****Ásgeir Jónsson**
asgeirj@kbbanki.is
Sími 444 6957**Davíð Gunnarsson**
davidg@kbbanki.is
Sími 444 6000**Davíð Rúðolfsson**
davidr@kbbanki.is
Sími 444 6951**Haraldur Yngvi Pétursson**
haraldurp@kbbanki.is
Sími 444 6961**Jóhanna Bergsteinsdóttir**
johannab@kbbanki.is
Sími 444 6962**Magnús Sigurðsson**
magnussig@kbbanki.is
Sími 444 6000**Ólafur Ólafsson**
olol@kbbanki.is
Sími 444 6963**Snorri Jakobsson**
snorri@kbbanki.is
Sími 444 6955**Steingrímur Arnar Finnsson**
steingrimura@kbbanki.is
Sími 444 6960**Svava Jóhanna Haraldsdóttir**
svavah@kbbanki.is
Sími 444 6000**Pórður Pálsson**
toti@kbbanki.is
Sími 444 6950**Ábyrgðarmaður****Pórður Pálsson**
toti@kbbanki.is
Sími 444 6950

Efnahagsfregnir

Um vöxt áliðnaðar á Íslandi

Í Efnahagsfregnum að þessu sinni er fjallað um efnahagsleg áhrif áliðnaðar á Íslandi. Jafnframt er gerð grein fyrir þeim virðisauka sem hlýst af áliðnaði, sjávarútvegi og ferðamannaþjónustu.

Stiklað á stóru

- Nú eru starfandi tvö álver hérlendis með 270 þús. tonna framleiðslugetu á ári (178 þús. tonn í Straumsvík en 90 á Grundartanga). Framleiðslugetan mun tvöfaldast um 2008 þegar nýtt 320 þús. tonna álver kemst í gagnid á Reyðarfirði og stækkun á Grundartanga um 170 þús. tonn. Ísland hefur þá 760 þús. tonna framleiðslugetu.
- Nú eru þrjár aðrar álframkvæmdir á teikniborðinu. Áformað er að stækka álverið í Straumsvík um 280 þús. tonn, en einnig hafa verið nefnd til sögunnar álver á Suðurnesjum og annað á Norðurlandi sem samanlagt munu líklega hafa um 3-400 þús. tonna framleiðslugetu. Ef þessar framkvæmdir eiga sér stað mun álframleiðslan verða 13-1400 þús. tonn og Ísland í hópi helstu álríkja með um 5% heimsframleiðslu.
- Núverandi stóriðjuframkvæmdir fela líklega í sér heildarkostnað upp á um 250-300 milljarða króna. Um þriðjungur mun líklega falla á innlenda framleiðsluþætti eða 80-100 milljarðar og hvetja áfram eftirspurn, en notkun erlends vinnuafls fyrir austan land hefur dregið úr áhrifunum á íslenska hagkerfið. Samt sem áður hittist svo illa á að stóriðjuþjárfestingin kemur nú fram á þeim tíma að innlend eftirspurn er í miklum vexti, s.s. vegna mikilla umsvifa á fasteignamarkaði.
- Þjóðhagslegur ábati stóriðjunnar er því einkum fólgin í því yfirverði sem álver greiða til íslenskra framleiðsluþátta, einkum vinnuafls og orku. Þar skiptir arður af sölu raforku mestu máli. Sú stefna virðist hafa verið ríkjandi hérlendis að selja raforku nærri kostnaðarverði sem endurspeglast bæði í fremur lágrí arðsemi Landsvirkjunar og fremur lágrar ávöxtunarkröfu sem fyrirtækið gerir til virkjanaf framkvæmda.
- Þrátt fyrir að heildaráhrif álbræðslu á íslenska hagkerfið séu fremur lítil, þegar framkvæmdum sleppir eru svæðisbundin áhrif á Austurlandi um 8 milljarða króna virðisauki á ári þegar Fjarðaál verður tekið til starfa. Afleidd störf frá stóriðju teljast ekki til þjóðhagslegs ábata vegna þess að þau myndu skapast hvort sem er í kringum aðrar greinar þrátt fyrir að stóriðjunnar nyti ekki við og fólkið sem flytur til staðarins til þess að vinna við störf tengd stóriðju kemur einhvers staðar frá og úr öðrum störfum.

Álframleiðsla

| | 760 þ. tonn | 490 þ. Tonn | 1 tonn |
|-----------------------------|---------------------------|---------------------------|-------------------|
| Virðisauki f. fjármagnsk. | 27.000.000.000 kr. | 17.400.000.000 kr. | 35.600 kr. |
| Fjármagnskostnaður | 5.300.000.000 kr. | 4.300.000.000 kr. | 7.500 kr. |
| Innlendur virðisauki | 21.700.000.000 kr. | 13.100.000.000 kr. | 28.100 kr. |

Þær upplýsingar sem hér koma fram eru unnar af starfsmönnum KB banka og eru byggðar á upplýsingum frá aðilum sem taldir eru áreiðanlegir. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar spár starfsmanna KB banka á hverjum tíma sem geta þó breyst án fyrirvara. Kaupþing banki hf. ber á engan hátt ábyrgð á þeim upplýsingum sem hér koma fram né á þeim viðskiptum sem gerð eru á grundvelli þeirra. Vinsamlega hafið samband við sérfræðinga KB banka áður en ákvörðun um viðskipti er tekin.

